

Minnisblað

Til: Velferðanefnd
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 19. október 2022
Mnr. 2022050015



ÍSAFJÖRDARBÆR

Minnisblað – Félagslegar leiguíbúðir, ný gjaldskrá og reglur

Ný drög að reglum um þjónustuíbúðir aldraða liggja fyrir. Með þeim er verklag skýrt varðandi réttindi einstaklinga á félagslegum íbúðum og þjónustuíbúðum aldraða. Einnig er lagt til að allar umsóknir verði afgreiddar af velferðarsviði en frágangur leigusamningar og innheimta verði alfarið á umhverfis- og eignasviði.

Leiguskilmálar

Leigan á félagslegum leiguíbúðum og þjónustubúðum aldraða fer eftir stærð og gerð húsnæðis. Leigan hækkar mánaðarlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og greiðist fyrirfram 1. hvers mánaðar. Leigjendur geta átt rétt á húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi. Jafnframt er greitt í hússjóð og þjónustugjald þar sem við á.

Skilyrði fyrir úthlutun er að uppfylla skilgreind tekju- og eignamörk samkvæmt breytingarreglugerð sem uppfærð er árlega

	reglug. 119/2022 samþykkt	17.1.2022
Fyrir hvern einstakling		6.957.000 kr.
Fyrir hjón og sambúðarfólk		9.740.000 kr.
Fyrir hvert barn eða ungmenni að 20 ára aldri sem býr á heimilinu		1.739.000 kr.
Hrein heildareign ekki hærri en		7.509.000 kr.

Samhliða undirritun leigusamnings þarf leigutaki að standa skil á tryggingarfé sem er ígildi 3 mánaða leigu. Tryggingarféð stendur til tryggingar á réttum efndum á leigusamningi, þ.e. fyrir leigugreiðslum, kostnaði sem fellur til við skil á íbúð og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi kann að bera ábyrgð á samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga. Leigutaki getur einnig valið að kaupa tryggingu í gegnum viðurkenndan aðila. Trygging þarf að liggja fyrir við undirritun leigusamnings. Tryggingarfé skal skilað í lok leigutíma ef engin athugasemd er gerð við skilin.

Þá mælum við með því að þeir sem vilja gerast leigjendur kynni sér rétt sinn til húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings til að lækka útgjöld í húsaleigu.

Félagslegar leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir eru ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum sem þurfa sérstaka aðstoð við að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði og/eða annarra félagslegra erfiðleika og skulu fjárhags- og félagslegar aðstæður þeirra metnar út frá ákveðnum viðmiðum reglna um félagslegar leiguíbúðir.

Réttur til að komast á biðlista eftir félagslegu húsnæði, fá úthlutuðu leiguhúsnæði og til áframhaldandi leiguréttar er bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk umsækjanda og félagslegum aðstæðum umsækjanda sem skulu metnar sérstaklega samkvæmt matsreglum. Sótt er um félagslegt leiguhúsnæði í þjónustugátt Ísafjarðarbæjar.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. á og rekur allar félagslegar leiguíbúðir og eru þær 82 talsins:

	Samtals	2-3 herb	4-5 herb
Íbúðir Ísafirði	52	49	3
Íbúðir Hnífsdal	9	4	5
Íbúðir Suðureyri	12	5	7
Íbúðir Þingeyri	9	9	0

Leiguverð félagslegar leiguíbúðir				
			Vtnv*	
	2-3 herbergja IS og SU	Leiga per fm	560,9	1522
	2-3 herbergja ÞÍ	Leiga per fm	560,9	1218
	4-5 herbergja IS	Leiga per fm	560,9	1236
	4-5 herbergja Su	Leiga per fm	560,9	1112

*Vísitala til verðtryggingar janúar 2023

Þjónustuíbúðir aldraðra

Þjónustuíbúðir aldraðra eru ætlaðar fyrir 67 ára og eldri og eru í eigu Ísafjarðarbæjar. Þær eru á eftirtöldum stöðum:

Hlíf I, Ísafirði, 19 einstaklingsíbúðir og 8 hjónaíbúðir - 27 íbúðir

Tjörn, Þingeyri, 4 einstaklingsíbúðir og 1 hjónaíbúð, samtals 5 íbúðir

Í þjónustuíbúðunum er öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu svo sem mat í hádegi, þvotti og þrifum og aðgangur að félagsstarfi og félagslegri heimaþjónustu. Starfsfólk er til staðar á daginn og sólarhringsvaktþjónusta er veitt.

Leiguverð þjónustuíbúðir aldraðra				
			Vtnv*	
	Hlíf	Einstaklings-/hjónaíbúð	Leiga per fm	560,9
	Tjörn	Einstaklings-/hjónaíbúð	Leiga per fm	560,9
	Tjörn	Þátttaka í rekstri		40.390